

DKG IOTA deild.

Fundur haldinn þriðjudaginn 23. mars 2021 í Grunnskólanum í Súðavík.

Barbara Gunnlaugsson setti fundinn klukkan 18:40. Mættar 14 konur.

1. Barbara kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi.
2. Nafnakall.
3. Bryndís Birgisdóttir las fundargerð síðasta fundar.
4. Anna Lind Ragnarsdóttir sagði okkur frá starfsemi og byggingarsögu Grunnskólans í Súðavík. Í skólahúsnæðinu eru grunnskóli, leikskóli og tónskóli. Í lok fundar var farið í skoðunarferð um skólann.
5. Bryndís Gunnarsdóttir kynnti doktorsrannsókn sína „Félagsleg samskipti tveggja ára barna í leikskóla“. Hún fylgdi eftir börnum í leikskóla í níu mánuði. Hún notaði m.a. myndbandsupptökur í frekari greiningarvinnu. Hún er að skrifa greinar sem verða birtar og vinnur í að klára ritgerðina.
6. Hildur Halldórsdóttir var með orð til umhugsunar. Hún talaði um borðspil. Þau skapa samverustundir og minningar fyrir fjölskylduna. Þau geta verið námstæki t.d. til að halda einbeitingu, læra að fylgja reglum, leysa vandamál og bæta ímyndunaraflíð.
7. Önnur mál:
 - a) Jóna Benediktsdóttir sagði frá því að vorþingið verður í Keflavík c.a. 7.- 9. maí. Nánari upplýsingar koma á næsta fundi.
 - b) Barbara óskaði eftir tillögum um nýja félag. Tillögur á að senda til Barböru eða stjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 20:20.

Bryndís Ásta Birgisdóttir ritaði fundagerð.